

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020, Svartsengi - iðnaðarsvæði.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 28. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2000-2020 frá 17. desember 2002.

Breytingin felst í breyttri afmörkun iðnaðarsvæða þar sem fyrirhugað er að staðsetja dælustöð er tengist núverandi hitaveituæð og jafnframt halda dælustöðinni innan orkuvinnslusvæðis í Svartsengi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 28. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.